

**Ed.**

**397. Frumvarp til laga**

**[160. mál]**

um breyting á lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

**1. gr.**

Í stað 2.—4. töluliða 2. gr. laganna komi 4 töluliðir, svo hljóðandi:

- a. Kópavogskaupstaður.
- b. Kjósarsýsla.
- c. Hafnarfjörður og Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppur í Gullbringusýslu.
- d. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa.

**2. gr.**

3. gr. laganna breytist svo:

Á eftir 2. tölulið komi nýr töluliður: Hlégarður í Mosfellssveit.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Svo var ráð fyrir gert, er frumvarp til laga um almenningsbókasöfn var lagt fyrir Alþingi, að bæjarbókasafn Reykjavíkur yrði jafnframt héraðsbókasafn Kjósarsýslu.

Þessu var breytt á Alþingi. Kópavogshreppur var á síðasta Alþingi gerður að kaupstað. Í samræmi við það var ákveðið, að Kópavogskaupstaður og Kjósarsýsla skyldu vera eitt bókasafnshverfi og að aðsetur safnsins skyldi vera í Kópavogi. Þegar fara átti að framkvæma lögín, kom í ljós, að óhagkvæmt er fyrir þá, sem búa í Kjósarsýslu, að bókasafn þeirra sé í Kópavogi.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Kjósarsýsla og Kópavogskaupstaður verði sjálfstæð bókasafnshverfi og að aðsetur bókasafns Kjósarsýslu verði í Hlégarði í Mosfellssveit, en þar eru góð skilyrði til vörzlu safnsins.

Þá er lagt til, að Vatnsleysustrandarhreppur verði bókasafnshverfi með Bessastaðahreppi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Rökin fyrir þeirri breytingu eru þau, að leiðir Vatnsleysustrandarbúa liggja fremur um Hafnarfjörð en til Keflavíkur, en þar er bókasafni þeirra ætlaður staður nú.